

Arnljótur Björnsson
Kjarrvegi 6
108 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. Þ 116 / 11624
komudagur 29/4 1993

Reykjavík, 29. apríl 1993.

Allsherjarnefnd Alþingis
Þórshamri
Reykjavík.

Á fundi allsherjarnefndar hinn 26. þ.m. kom fram ósk um að fá nokkur dæmi um örorkubætur til húsmæðra, annars vegar eftir frumvarpi til skaðabótalaga og hins vegar samkvæmt venjum þeim, sem nú gilda.

Bréfi þessu fylgja tvö blöð með dæmum um örorkubætur til húsmæðra, sem vinna auk heimilisstarfa í launaðri vinnu utan heimilis. Annars vegar í 60%, en hins vegar í 30% vinnu utan heimilis. Í dæmunum er ekki tekið tillit til bóta frá lífeyrissjóðum. Ekki er getið um aðrar bætur en fyrir varanlega örorku. Bætur fyrir tímabundið atvinnutjón, sjúkrakostnað, þjáningar og varanlegan miska eru því ekki nefndar á fylgiskjölunum.

Forsendur útreiknings koma fram á fylgiskjölunum. Miðað er við þrjá "flokka" launa: 70.000 kr., 130.000 kr. og 200.000 kr. á mánuði. Á fylgiskjali 1. sést, að bætur eftir frumvarpinu eru miklu hagstæðari tjónpola en bætur, sem líklegt er að fáist eftir reglum, sem nú er farið eftir. Byggist það á því, að þar er lagt til grundvallar að tjónpóli vinni að mestu í þágu heimilisins og eftir frumvarpinu er tekjugrundvöllur vegna heimilisstarfa almennt mun hærri en nú gerist um laun kvenna á almennum vinnumarkaði. Samkvæmt fylgiskjali 2. verður munur á bótum eftir frumvarpinu og núgildandi reglum ekki eins mikill, enda miðast bætur í þeim dæmum ekki við hinn tilbúna tekjugrundvöll fyrir heimilisstörf (sbr. 4. og 8. gr. frv.) heldur við nánar tiltekin mánaðarlaun á almennum vinnumarkaði (sbr. 6. gr. frv.).

Útreikningar á bótum eftir núgildandi venjum eru miðaðir við forsendur, sem ætla má að dómstólar fari eftir nú. Hafa ber í huga, að ýmis atriði eru óljós varðandi þær aðferðir, sem dómara beita við ákvörðun bóta til húsmæðra. Um nákvæmar tölur verður því ekki að ræða.

Við útreikning á dæmum þessum naut undirritaður aðstoðar Bjarna Þórðarsonar tryggingastærðfræðings.

Virðingarfyllst,

Arnljótur Björnsson

FYLGISKJAL 1.**Slasaði: 35 ára húsmóðir í 30% starfi utan heimilis.**

Örorka 100%

Laun í kr. á mán. Aðrar fjárh. í þús. kr.

Núgildandi venja

Tekjugrundvöllur á mán.	70,000	130,000	200,000
Árslaun	840,000	1,560,000	2,400,000
Vinnutekjur og -tap	30% 21,000	39,000	60,000
Tapaðar húsmóðurtekjur	30,000	30,000	30,000
Núvirði taps (í þús. kr.)	8,433	11,409	14,881
Frádr. v. skatta og eingreiðslu í %	6	11	18
- - - - í kr.	506	1,255	2,679
Til frádr. örorkulíf. Trygg.stofnunar ríkisins	4,490	4,490	4,490
Bætur frá hinum skaðabótaskylda	<u>3,437</u>	<u>5,664</u>	<u>7,713</u>

Frumvarp

Bætur skv. 8. gr. (90% af 16.000.000, sbr. 4. og 9. gr.)	<u>14,400</u>	<u>14,400</u>	<u>14,400</u>
---	---------------	---------------	---------------

FYLGISKJAL 2.

Slasaði: 35 ára húsmóðir í 60% starfi utan heimilis.

Örorka 100%

Laun í kr. á mán. Aðrar fjárh. í þús. kr.

Núgildandi venja

Tekjugrundvöllur á mán.	70,000	130,000	200,000
Árslaun	840,000	1,560,000	2,400,000
Vinnutekjur og -tap	60% 42,000	78,000	120,000
Tapaðar húsmóðurtekjur	22,000	22,000	22,000
Núvirði taps (í þús. kr.)	10,582	16,535	23,479
Frádr. v. skatta og eingreiðslu í %	10	20	30
- - - - í kr.	1,058	3,307	7,044
Til frádr. örorkulíf. Trygg.stofnunar ríkisins	4,490	4,490	4,490
Bætur frá hinum skaðabótaskylda	<u>5,034</u>	<u>8,738</u>	<u>11,946</u>

Frumvarp

Bætur skv. 6. gr.

Tekjugrundvöllur á mán.	70,000	130,000	200,000
Bætur 90% af 7,5 földum tekjugrundvelli (lækkun um 1% á ári frá og með 26 ára aldri til 35 ára aldurs, sbr. 9. gr.)	<u>5,670</u>	<u>10,530</u>	<u>16,200</u>